



509. fundur Þingvallanefndar
22.nóvember 2023 kl 11:30-13:00
Nefndarsviði Alþingis við Austurvöll

Mættir: Vilhjálmur Árnason, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Birgir Þórarinsson, Tómas A. Tómasson, Oddný Harðardóttir og Orri Páll Jóhannsson og Einar Á. E. Sæmundsen Þjóðgarðsvörður. Andrés Ingi Jónsson boðaði forföll. Gestur: Hildur Hafsteinsdóttir fjármálastjóri

Dagskrá:

1. Rekstraráætlanagerð 2024 og útkomuspá 2023
Þjóðgarðsvörður og fjármálastjóri fara yfir rekstraráætlanagerð fyrir árið 2024 og útkomuspá rekstrar fyrir árið 2023.
2. Breytingar á gjaldskrá
Þjóðgarðsvörður fer yfir samskipti við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti vegna samræmingar gjaldskráa stofnana ráðuneytisins. Umræða um gjaldskrárhækkanir en stefnt að því að leggja fram endanlega tillögu á fundi Þingvallanefndar í byrjun desember sem í kjölfarið verður sent til Umhverfis, orku og loftslagsráðuneyti til staðfestingar.

Önnur mál.

Birgir Þórarinsson óskar eftir almennum upplýsingum um stöðu mála vegna áforma um Valhallarstíg Nyrðri nr. 8 oftast nefnt Steindórshúsið.

Þjóðgarðsvörður skýrir framgang málsins. Unnið er að frekari skoðun á möguleikum þess að breyta húsinu í veitinga- og kaffihús, mat á aðgengi og skipulagi hússins, mögulegum útboðsforsendum og tengingu við forsendur í deiliskipulagi. Einnig bent á að þetta væri bara einn möguleiki í nýtingu hússins og önnur nýting ekki útilokuð.